Hagtíðindi
Statistical Series

Þjóðhagsreikningar
National accounts

2015:1 • 10. mars 2015

# Landsframleiðslan á 4. ársfjórðungi 2014

## *Quarterly national accounts, 4th quarter 2014*

*Samantekt*

**Landsframleiðslan á 4. ársfjórðungi 2014 jókst um 3% borið saman við 4. ársfjórðung 2013. Á sama tíma jukust þjóðarútgjöld, sem eru samtala neyslu og fjárfestingar, um 8,2%. Einkaneysla jókst um 4,5%, samneysla um 2,1% og fjárfesting um 14,2%. Útflutningur dróst saman um 2,9% á sama tíma og innflutningur jókst um 6,7%.**

**Árstíðaleiðrétt landsframleiðsla jókst um 0,2% milli 3. og 4. ársfjórðungs 2014. Þar af jókst einkaneysla um 1,6% og samneysla um 0,7% en fjárfesting dróst saman um 6,9%.**

**Tafla 1. Yfirlit**
*Table 1. Overview*

| | Verðlag ársins, millj. kr. *Current prices, million ISK* | Magnbreyting frá fyrra ári, % *Volume change from previous year, %* | | Magnbreyting frá fyrri ársfj., %[1] *Volume change from previous quarter, %[1]* | |
|---|---|---|---|---|---|
| | 4. ársfj. *4th quarter* | 4. ársfj. *4th quarter* | 1.–4. ársfj. *1st–4th quarter* | 3. ársfj. *3rd quarter* | 4. ársfj. *4th quarter* |
| Einkaneysla *Private final consumption* | 286.462 | 4,5 | 3,7 | 0,4 | 1,6 |
| Samneysla *Government final consumption* | 125.135 | 2,1 | 1,8 | 0,0 | 0,7 |
| Fjármunamyndun *Gross fixed capital formation* | 86.137 | 14,2 | 13,7 | 23,0 | -6,9 |
| Birgðabreytingar[2] *Changes in inventories[2]* | 1.650 | 2,3 | 0,3 | … | … |
| **Þjóðarútgjöld alls *Gross domestic final expendit.*** | **499.384** | **8,2** | **5,3** | **4,1** | **0,4** |
| Útflutningur vöru og þjónustu *Exports of goods and services* | 265.254 | -2,9 | 3,1 | 7,2 | -5,2 |
| Innflutningur vöru og þjónustu *Imports of goods and services* | -238.032 | 6,7 | 9,9 | 6,8 | -5,4 |
| **Verg landsframleiðsla *GDP*** | **526.606** | **3,0** | **1,9** | **4,2** | **0,2** |

1 Árstíðaleiðrétt. *Seasonally adjusted.*
2 Hlutfallstölur sýna vöxt eða samdrátt í birgðabreytingu milli ára sem hlutfall af landsframleiðslu fyrra árs, reiknað á föstu verðlagi. *The figures express the increase or reduction in inventories as a percentage of GDP of the previous year, at constant prices.*

Hagstofa Íslands

**Mynd 1. Landsframleiðsla, breyting frá sama ársfjórðungi fyrra árs**
*Figure 1. GDP, volume change over same quarter, previous year*




**Skýring** *Note*: Bráðabirgðatölur fyrir árin 2013–2014. *Preliminary figures 2013–2014.*

*Framsetning talna*

Í þeim tilvikum þar sem fjallað er um breytingu á milli samliggjandi ársfjórðunga er miðað við árstíðaleiðréttar tölur, en að öðrum kosti er miðað við óárstíðaleiðréttar tölur.

**Mynd 2. Ársfjórðungsleg breyting landsframleiðslu, árstíðaleiðrétt**
*Figure 2. Quarterly GDP volume growth, seasonally adjusted*




**Skýring** *Note*: Bráðabirgðatölur fyrir árin 2013–2014. Raunbreytingar frá fyrri ársfjórðungi. *Preliminary figures 2013–2014. Change from the previous quarter.*

*Einkaneysla eykst*

Einkaneysla á 4. ársfjórðungi 2014 jókst um 4,5% að raungildi borið saman við 4. ársfjórðung 2013. Milli 3. og 4. ársfjórðungs 2014 jókst einkaneysla um 1,6%.

*Samneysla eykst*

Samneysla jókst um 2,1% að raungildi á 4. ársfjórðungi 2014 borið saman við sama tímabil árið áður. Samneysla jókst um 0,7% frá 3. ársfjórðungi til 4. ársfjórðungs 2014. Tölur um fjármál hins opinbera á 4. ársfjórðungi 2014 verða birtar í Hagtíðindum 12. mars 2015.

*Fjárfesting eykst*

Fjárfesting á 4. ársfjórðungi 2014 jókst um 14,2% að raungildi borið saman við 4. ársfjórðung árið áður. Fjárfesting atvinnuvega jókst um 19,7%, íbúðafjárfesting um 5,8% og fjárfesting hins opinbera um 4,2%.

Fjárfesting dróst saman um 6,9% á 4. ársfjórðungi borið saman við 3. ársfjórðung 2014. Þar af dróst fjárfesting atvinnuvega saman um 10,8% en á sama tíma jókst íbúðafjárfesting um 3,1% og fjárfesting hins opinbera um 0,4%.

*Birgðir aukast*

Birgðaskýrslur Hagstofunnar sýna að á 4. ársfjórðungi 2014 jukust birgðir um 1,6 milljarð króna frá fyrri ársfjórðungi og munar þar mestu um aukningu á birgðum í stóriðju.

*Þjóðarútgjöld aukast umfram landsframleiðslu*

Þjóðarútgjöld jukust um 8,2% að raungildi á 4. ársfjórðungi borið saman við 4. ársfjórðung 2013 og var hlutdeild einstakra liða þjóðarútgjalda til vaxtar með líkum hætti. Frá 3. ársfjórðungi til 4. ársfjórðungs 2014 jukust þjóðarútgjöld einungis um 0,4%, öðru fremur vegna samdráttar í fjárfestingu á sama tímabili.

*Utanríkisverslun*

Útflutningur á 4. ársfjórðungi 2014 dróst saman um 2,9% að raungildi borið saman við 4. ársfjórðung 2013. Þar af dróst vöruútflutningur saman um 5% en þjónustuútflutningur jókst um 0,4%. Á sama tíma jókst innflutningur um 6,7%. Þar af jókst þjónustuinnflutningur um 8,8% og vöruinnflutningur um 5,1%. Landsframleiðslan jókst því minna en nam vexti þjóðarútgjalda, eða um 3% samanborið við 8,2% aukningu þjóðarútgjalda. Mynd 3 sýnir hlutdeild einstakra liða í hagvexti frá sama ársfjórðungi fyrra árs.

Útflutningur og innflutningur drógust saman milli 3. og 4. ársfjórðungs 2014. Útflutningur dróst saman saman um 5,2% og innflutningur um 5,4%.

**Mynd 3. Hlutdeild einstakra liða í hagvexti**
*Figure 3. Contributions to growth by expenditure items*




**Skýring** *Note*: Bráðabirgðatölur fyrir árin 2013–2014. Breyting frá sama ársfjórðungi fyrra árs. *Preliminary figures 2013–2014.*Change over same quarter, previous year.

*Afgangur af vöru- og þjónustuviðskiptum*

Samanlagður afgangur af vöru- og þjónustuviðskiptum var 27,2 milljarðar króna á 4. ársfjórðungi 2014, en það er lægri fjárhæð en á sama tímabili árið áður. Vöruskiptajöfnuður var jákvæður um 15,4 milljarða króna og þjónustujöfnuðurinn um 11,8 milljarða króna. Minni afgangur á 4. ársfjórðungi skýrist að miklu leyti af

minni afgangi af framleiðslutengdri þjónustu og þjónustuliðnum samgöngur og flutningar.

*Hagþróun erlendis*

Í helstu viðskiptalöndum Íslands var ársbreyting landsframleiðslunnar á 4. ársfjórðungi mest í Noregi, 3%. Í Bretlandi var hagvöxtur 2,7%, Svíþjóð 2,6%, Bandaríkjunum 2,4%, Þýskalandi 1,5%, Danmörku 1,3%, Hollandi 1% og Frakklandi 0,2%.

**Mynd 4. Ársfjórðungslegur hagvöxtur í nokkrum löndum**
*Figure 4. Quarterly growth rates of GDP in selected countries*




**Skýring** *Note*: Bráðabirgðatölur fyrir árin 2013–2014. Ársbreyting eftir ársfjórðungum. Ísland óárstíðaleiðrétt. *Preliminary figures 2013–2014.Change over same quarter, previous year.Iceland not seasonally adjusted.*

**Heimild** *Source*: Efnahags- og framfarastofnunin. *OECD.*

*Vöxtur á árinu 2014*

Landsframleiðsla á árinu 2014 nam 1.993 milljörðum króna borið saman við 1.881 milljarð króna árið áður. Að teknu tilliti til verðbreytinga jókst landsframleiðsla að raungildi um 1,9% á árinu 2014. Nánar má lesa um árið 2014 í heild í Hagtíðindum *Landsframleiðslan 2014, bráðabirgðatölur*.

*Árstíðaleiðrétting*

Með árstíðaleiðréttingu á tímaröðum er leitast við að greina og fjarlægja árstíðabundnar sveiflur í gögnum. Meginmarkmiðið með því er að auðvelda samanburð talna innan hvers árs.

Hagstofan árstíðaleiðréttir ársfjórðungslega þjóðhagsreikninga með óbeinum hætti, en það er sú aðferð sem vinnuhópur á vegum Hagstofu Evrópusambandsins (Eurostat) og Seðlabanka Evrópusambandsins (ECB) lagði til og er oftast notuð í Evrópu. Aðferðin er talin henta best þegar árstíðabreytingar undirliða eru ólíkar. Þegar óbein aðferð er notuð við árstíðaleiðréttingu eru undirliðir árstíðaleiðréttir og tengdir saman til þess að fá fram heildarstærðir (t.d. þjóðarútgjöld eða landsframleiðslu).

Meiriháttar breytingar í efnahagslífi eins og efnahagshrun og óreglubundnir liðir, sem geta sveiflast verulega, hafa mikil áhrif á árstíðaleiðréttinguna. Því smærra sem hagkerfið er, því meira vægi hafa ýmsir óreglulegir liðir. Niðurstöður fyrir árin 2013–2014 eru bráðabirgðatölur sem breytast eftir því sem ýtarlegri upplýsingar liggja fyrir og þar með breytast árstíðaleiðréttu niðurstöðurnar einnig.

*Ýtarleg sundurliðun er birt á vefnum*

Ýtarleg sundurliðun á ársfjórðungsefninu er á vef Hagstofunnar. Þar er fjárfesting eftir ársfjórðungum sundurliðuð í fjárfestingu atvinnuvega, íbúðarhúsnæði og starfsemi hins opinbera. Útflutningi og innflutningi er skipt upp í vörur og þjónustu. Á vefnum er einnig að finna allar fjárhæðir á keðjutengdu verðmæti með árið 2005 sem viðmiðunarár.

*Tölur um 1. ársfjórðung 2015 verða birtar í júní 2015*

Tölur um landsframleiðslu á 1. ársfjórðungi 2015 verða birtar í Hagtíðindum 5. júní 2015.

## English summary

Non-seasonally adjusted figures indicate a year-over-year (YOY) increase in GDP by 3% for the 4th quarter of 2014. Total domestic expenditure increased by 8.2%. Household final consumption increased by 4.5%, government final consumption by 2.1% and gross fixed capital formation by 14.2%. At the same time balance of trade in goods and services worsened, exports decreased by 2.9% and imports grew by 6.7%.

Gross fixed capital formation figures indicate a YOY increase of 14.2%, led by a 19.7% increase in business sector investment. Residential construction increased by 5.8% and government investment increased by 4.2%.

Seasonally adjusted GDP in the 4th quarter of 2014 increased by 0.2% from the previous quarter. Total domestic final expenditure increased by 0.4%. Household final consumption increased by 1.6% and government final consumption increased by 0.7% while gross fixed capital formation decreased by 6.9%. Exports decreased by 5,2% and imports decreased by 5.7% in the 4th quarter of 2014 as compared with the 3rd quarter of 2014.

For the year 2014, GDP increased by 1.9% in real terms.

National accounts for the 1st quarter of 2015 will be published on the 5th of June 2015.

**Tafla 2. Landsframleiðsla eftir ársfjórðungum 2010–2014**
*Table 2. Quarterly Gross Domestic Product (GDP) 2010–2014*

| | Einkaneysla *Household final consumption* | Samneysla *Government final consumption* | Fjármuna-myndun *Gross fixed capital formation* | Birgða-breytingar *Changes in inventory* | Þjóðar-útgjöld *National expenditure* | Út-flutningur *Exports* | Inn-flutningur *Imports* | Verg landsfram-leiðsla *GDP* |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **Verðlag hvers árs, millj. kr.** | | | | | | | | |
| ***Million ISK at current prices*** | | | | | | | | |
| **2010** | **827.393** | **398.341** | **228.455** | **-2.611** | **1.451.578** | **867.765** | **-698.293** | **1.621.049** |
| 1. ársfj. *1st quarter* | 202.055 | 96.885 | 51.032 | 11.343 | 361.315 | 195.539 | -164.929 | 391.925 |
| 2. ársfj. *2nd quarter* | 204.868 | 101.990 | 57.542 | -8.057 | 356.343 | 225.120 | -175.653 | 405.810 |
| 3. ársfj. *3rd quarter* | 202.298 | 98.862 | 58.481 | -1.226 | 358.415 | 231.670 | -176.923 | 413.162 |
| 4. ársfj. *4th quarter* | 218.173 | 100.605 | 61.400 | -4.672 | 375.505 | 215.436 | -180.788 | 410.153 |
| **2011** | **878.950** | **419.389** | **263.693** | **3.357** | **1.565.389** | **959.867** | **-822.105** | **1.703.151** |
| 1. ársfj. *1st quarter* | 203.192 | 99.714 | 53.828 | 18.112 | 374.846 | 203.727 | -176.452 | 402.121 |
| 2. ársfj. *2nd quarter* | 219.563 | 106.030 | 62.036 | -4.756 | 382.873 | 238.102 | -203.399 | 417.577 |
| 3. ársfj. *3rd quarter* | 217.549 | 105.448 | 65.601 | -4.057 | 384.540 | 281.505 | -217.975 | 448.070 |
| 4. ársfj. *4th quarter* | 238.646 | 108.197 | 82.227 | -5.941 | 423.129 | 236.533 | -224.279 | 435.383 |
| **2012** | **946.707** | **435.213** | **287.389** | **1.800** | **1.671.109** | **1.009.937** | **-900.800** | **1.780.245** |
| 1. ársfj. *1st quarter* | 222.647 | 104.875 | 73.041 | 19.361 | 419.924 | 225.515 | -210.658 | 434.781 |
| 2. ársfj. *2nd quarter* | 239.746 | 110.401 | 77.354 | -11.152 | 416.349 | 257.831 | -242.680 | 431.499 |
| 3. ársfj. *3rd quarter* | 228.381 | 107.576 | 66.562 | -68 | 402.450 | 284.079 | -224.590 | 461.939 |
| 4. ársfj. *4th quarter* | 255.933 | 112.361 | 70.433 | -6.341 | 432.386 | 242.512 | -222.873 | 452.025 |
| **2013**[1] | **984.308** | **457.518** | **290.467** | **-4.953** | **1.727.340** | **1.045.937** | **-892.383** | **1.880.893** |
| 1. ársfj.[1] *1st quarter*[1] | 231.304 | 110.780 | 65.457 | 13.950 | 421.491 | 237.487 | -206.619 | 452.359 |
| 2. ársfj.[1] *2nd quarter*[1] | 246.426 | 116.342 | 75.294 | -3.680 | 434.382 | 248.162 | -226.075 | 456.469 |
| 3. ársfj.[1] *3rd quarter*[1] | 238.943 | 112.866 | 73.185 | -5.479 | 419.515 | 302.880 | -230.353 | 492.043 |
| 4. ársfj.[1] *4th quarter*[1] | 267.634 | 117.530 | 76.531 | -9.744 | 451.951 | 257.408 | -229.337 | 480.022 |
| **2014**[1] | **1.048.471** | **484.262** | **331.341** | **1.434** | **1.865.508** | **1.065.915** | **-938.088** | **1.993.336** |
| 1. ársfj.[1] *1st quarter*[1] | 244.739 | 116.448 | 77.558 | 49 | 438.794 | 222.885 | -208.333 | 453.345 |
| 2. ársfj.[1] *2nd quarter*[1] | 264.144 | 122.640 | 75.004 | 2.046 | 463.834 | 253.905 | -235.266 | 482.473 |
| 3. ársfj.[1] *3rd quarter*[1] | 253.125 | 120.039 | 92.641 | -2.309 | 463.496 | 323.872 | -256.457 | 530.911 |
| 4. ársfj.[1] *4th quarter*[1] | 286.462 | 125.135 | 86.137 | 1.650 | 499.384 | 265.254 | -238.032 | 526.606 |

[1] Bráðabirgðatölur. *Preliminary figures.*

## Tafla 3. Ársbreyting landsframleiðslu eftir ársfjórðungum 2010–2014
*Table 3. Annual GDP volume growth 2010–2014*

| | Einkaneysla *Household final consumption* | Samneysla *Government final consumption* | Fjármuna-myndun *Gross fixed capital formation* | Birgða-breytingar[1] *Changes in inventory*[1] | Þjóðar-útgjöld *National expenditure* | Út-flutningur *Exports* | Inn-flutningur *Imports* | Verg lands-framleiðsla *GDP* |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **Raunbreytingar frá sama tímabili árið áður, %** ***Volume change on the same quarter of the previous year, %*** | | | | | | | | |
| **2010** | **-0,2** | **-3,0** | **-8,6** | **0,1** | **-2,3** | **1,5** | **4,3** | **-3,1** |
| 1. ársfj. *1st quarter* | -0,7 | -3,4 | 3,1 | -0,3 | -1,5 | -7,9 | 1,3 | -5,5 |
| 2. ársfj. *2nd quarter* | -3,2 | -3,7 | -8,3 | -1,3 | -5,4 | 6,6 | 7,8 | -4,6 |
| 3. ársfj. *3rd quarter* | -0,4 | -1,7 | -13,1 | 0,7 | -2,2 | -0,2 | 0,8 | -2,5 |
| 4. ársfj. *4th quarter* | 3,4 | -3,2 | -12,4 | 1,2 | 0,1 | 7,9 | 7,6 | 0,4 |
| **2011** | **2,6** | **1,2** | **11,6** | **0,3** | **3,9** | **3,4** | **6,9** | **2,4** |
| 1. ársfj. *1st quarter* | 0,6 | 1,0 | 6,1 | 1,4 | 3,3 | 4,3 | 3,9 | 3,3 |
| 2. ársfj. *2nd quarter* | 4,9 | 0,8 | 3,5 | 0,9 | 4,4 | -0,8 | 5,9 | 1,0 |
| 3. ársfj. *3rd quarter* | 2,1 | 1,2 | 7,3 | -1,0 | 1,7 | 7,7 | 6,8 | 3,1 |
| 4. ársfj. *4th quarter* | 2,7 | 1,8 | 27,7 | -0,2 | 6,2 | 2,3 | 10,3 | 2,2 |
| **2012** | **2,0** | **-1,7** | **5,6** | **0,0** | **1,6** | **3,7** | **4,7** | **1,3** |
| 1. ársfj. *1st quarter* | 2,3 | -2,1 | 32,7 | 0,5 | 6,0 | 5,7 | 10,5 | 3,9 |
| 2. ársfj. *2nd quarter* | 2,4 | -2,5 | 20,7 | -1,5 | 2,3 | 6,6 | 13,2 | -0,6 |
| 3. ársfj. *3rd quarter* | 0,7 | -2,0 | -0,1 | 0,8 | 1,0 | 3,3 | 3,8 | 1,3 |
| 4. ársfj. *4th quarter* | 2,4 | -0,1 | -19,2 | 0,2 | -2,4 | -0,6 | -6,9 | 0,7 |
| **2013**[2] | **0,5** | **0,7** | **-1,0** | **-0,5** | **-0,2** | **6,9** | **0,3** | **3,6** |
| 1. ársfj.[2] *1st quarter*[2] | -0,1 | 1,8 | -15,4 | -1,7 | -4,3 | 3,8 | -5,5 | 0,5 |
| 2. ársfj.[2] *2nd quarter*[2] | 0,2 | 1,0 | -1,5 | 1,8 | 2,2 | 3,0 | -1,7 | 4,7 |
| 3. ársfj.[2] *3rd quarter*[2] | 1,1 | 0,1 | 6,9 | -1,1 | 0,8 | 8,7 | 1,7 | 5,1 |
| 4. ársfj.[2] *4th quarter*[2] | 0,8 | 0,1 | 7,8 | -0,9 | 0,7 | 11,4 | 6,5 | 3,8 |
| **2014**[2] | **3,7** | **1,8** | **13,7** | **0,3** | **5,3** | **3,1** | **9,9** | **1,9** |
| 1. ársfj.[2] *1st quarter*[2] | 3,5 | 1,5 | 18,3 | -3,1 | 2,1 | 4,7 | 10,9 | -0,2 |
| 2. ársfj.[2] *2nd quarter*[2] | 4,6 | 2,1 | -2,4 | 1,3 | 3,9 | 4,8 | 7,1 | 3,0 |
| 3. ársfj.[2] *3rd quarter*[2] | 2,2 | 1,4 | 26,1 | 0,7 | 6,8 | 5,7 | 15,1 | 1,7 |
| 4. ársfj.[2] *4th quarter*[2] | 4,5 | 2,1 | 14,2 | 2,3 | 8,2 | -2,9 | 6,7 | 3,0 |

[1] Hlutfallstölurnar sýna vöxt eða samdrátt í birgðabreytingu milli ára sem hlutfall af landsframleiðslu sama fjórðungs fyrra árs á keðjutengdu verðmæti, viðmiðunarár 2005. *The figures express the increase or reduction in inventories as a percentage of GDP in the same quarter of the previous year, chain-volume measures, reference year 2005.*

[2] Bráðabirgðatölur. *Preliminary figures.*

**Tafla 4. Ársfjórðungsleg breyting landsframleiðslu 2010–2014, árstíðaleiðrétt**
*Table 4. Seasonally adjusted quarterly volume growth in GDP 2010–2014*

| | Einkaneysla *Household final consumption* | Samneysla *Government final consumption* | Fjármuna-myndun *Gross fixed capital formation* | Þjóðar-útgjöld *National expenditure* | Út-flutningur *Exports* | Inn-Flutningur *Imports* | Verg lands-framleiðsla *GDP* |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **Raunbreyting frá fyrri ársfjórðungi, %** ***Percentage change on the previous quarter*** | | | | | | | |
| **2010** | | | | | | | |
| 1. ársfj. *1st quarter* | 0,3 | -2,1 | -24,2 | -3,6 | -0,4 | 0,4 | -3,8 |
| 2. ársfj. *2nd quarter* | -1,3 | -0,3 | 6,0 | -1,8 | 5,2 | -2,0 | 1,8 |
| 3. ársfj. *3rd quarter* | 1,5 | 0,1 | -2,0 | 1,5 | -2,2 | 3,6 | -1,3 |
| 4. ársfj. *4th quarter* | 1,0 | -0,8 | 9,7 | 1,6 | 6,0 | 5,3 | 2,1 |
| **2011** | | | | | | | |
| 1. ársfj. *1st quarter* | -0,1 | 1,9 | -8,9 | -0,4 | -5,5 | -2,7 | -1,9 |
| 2. ársfj. *2nd quarter* | 1,6 | 0,1 | 4,8 | 1,4 | 0,0 | -0,4 | 1,5 |
| 3. ársfj. *3rd quarter* | 0,3 | 0,1 | 4,9 | 1,5 | 7,1 | 4,8 | 2,9 |
| 4. ársfj. *4th quarter* | 0,3 | -0,7 | 28,0 | 3,7 | 4,0 | 8,8 | 1,5 |
| **2012** | | | | | | | |
| 1. ársfj. *1st quarter* | 0,9 | -1,6 | -6,9 | -0,6 | -6,0 | -2,6 | -2,7 |
| 2. ársfj. *2nd quarter* | 0,3 | -0,0 | -3,8 | -1,3 | 2,3 | 1,8 | -0,7 |
| 3. ársfj. *3rd quarter* | -0,3 | 0,5 | -12,0 | -1,4 | 6,7 | -3,9 | 4,3 |
| 4. ársfj. *4th quarter* | 0,8 | 0,6 | 2,1 | 0,4 | -5,6 | -2,4 | -1,6 |
| **2013**[1] | | | | | | | |
| 1. ársfj.[1] *1st quarter*[1] | -0,8 | 0,1 | -0,9 | -1,0 | 3,2 | -0,7 | 1,3 |
| 2. ársfj.[1] *2nd quarter*[1] | 0,2 | -0,3 | 11,0 | 2,4 | -0,3 | 5,7 | -0,7 |
| 3. ársfj.[1] *3rd quarter*[1] | 1,3 | 0,2 | -5,5 | -0,9 | 8,1 | -0,5 | 3,9 |
| 4. ársfj.[1] *4th quarter*[1] | 0,0 | 0,3 | 3,4 | 0,8 | 1,3 | 2,2 | 0,4 |
| **2014**[1] | | | | | | | |
| 1. ársfj.[1] *1st quarter*[1] | 1,5 | 1,0 | 8,6 | 1,6 | -3,2 | 3,4 | -1,9 |
| 2. ársfj.[1] *2nd quarter*[1] | 1,2 | 0,5 | -8,3 | 0,9 | -0,7 | 2,0 | -0,6 |
| 3. ársfj.[1] *3rd quarter*[1] | 0,4 | 0,0 | 23,0 | 4,1 | 7,2 | 6,8 | 4,2 |
| 4. ársfj.[1] *4th quarter*[1] | 1,6 | 0,7 | -6,9 | 0,4 | -5,2 | -5,4 | 0,2 |

[1] Bráðabirgðatölur. *Preliminary figures.*

**Tafla 5. Hlutdeild í hagvexti 2010–2014**
*Table 5. Contribution to growth 2010–2014*

| | Einkaneysla *Household final consumption* | Samneysla *Government final consumption* | Fjármuna-myndun *Gross fixed capital formation* | Birgða-breytingar *Changes in inventory* | Út-flutningur *Exports* | Inn-flutningur *Imports* | Verg lands-framleiðsla *GDP* |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **Hlutdeild í hagvexti frá fyrri ársfj., %** ***% points contributions to growth in GDP from previous quarter*** | | | | | | | |
| **2010** | | | | | | | |
| 1. ársfj. *1st quarter* | 1,4 | -0,0 | -2,9 | 1,1 | 2,4 | -5,7 | -3,8 |
| 2. ársfj. *2nd quarter* | -0,7 | -0,1 | 0,8 | -1,7 | 2,6 | 0,9 | 1,8 |
| 3. ársfj. *3rd quarter* | 0,8 | 0,0 | -0,3 | 0,9 | -1,1 | -1,5 | -1,3 |
| 4. ársfj. *4th quarter* | 0,6 | -0,2 | 1,4 | -0,3 | 3,1 | -2,3 | 2,1 |
| **2011** | | | | | | | |
| 1. ársfj. *1st quarter* | -1,7 | 0,1 | -1,5 | 0,6 | -1,5 | 2,1 | -1,9 |
| 2. ársfj. *2nd quarter* | 0,8 | 0,0 | 0,7 | -0,2 | 0,0 | 0,2 | 1,5 |
| 3. ársfj. *3rd quarter* | 0,2 | 0,0 | 0,7 | 0,3 | 3,7 | -2,1 | 2,9 |
| 4. ársfj. *4th quarter* | 0,1 | -0,2 | 4,1 | -0,8 | 2,2 | -3,9 | 1,5 |
| **2012** | | | | | | | |
| 1. ársfj. *1st quarter* | 0,9 | -0,1 | -1,1 | 0,9 | -1,1 | -2,2 | -2,7 |
| 2. ársfj. *2nd quarter* | 0,2 | -0,0 | -0,7 | -0,6 | 1,3 | -0,9 | -0,7 |
| 3. ársfj. *3rd quarter* | -0,2 | 0,1 | -2,1 | 0,5 | 3,9 | 2,0 | 4,3 |
| 4. ársfj. *4th quarter* | 0,4 | 0,1 | 0,3 | -0,3 | -3,3 | 1,2 | -1,6 |
| **2013**[1] | | | | | | | |
| 1. ársfj.[1] *1st quarter*[1] | 0,8 | 0,6 | -0,1 | -0,5 | 0,9 | -0,3 | 1,3 |
| 2. ársfj.[1] *2nd quarter*[1] | 0,1 | -0,1 | 1,6 | 0,5 | -0,2 | -2,7 | -0,7 |
| 3. ársfj.[1] *3rd quarter*[1] | 0,7 | 0,1 | -0,9 | -0,8 | 4,6 | 0,3 | 3,9 |
| 4. ársfj.[1] *4th quarter*[1] | 0,0 | 0,1 | 0,5 | 0,1 | 0,8 | -1,1 | 0,4 |
| **2014**[1] | | | | | | | |
| 1. ársfj.[1] *1st quarter*[1] | 1,4 | 0,8 | 1,3 | -0,5 | -4,9 | -0,1 | -1,9 |
| 2. ársfj.[1] *2nd quarter*[1] | 0,6 | 0,1 | -1,4 | 1,5 | -0,4 | -1,0 | -0,6 |
| 3. ársfj.[1] *3rd quarter*[1] | 0,2 | 0,0 | 3,6 | -0,2 | 4,0 | -3,5 | 4,2 |
| 4. ársfj.[1] *4th quarter*[1] | 0,8 | 0,2 | -1,3 | 0,6 | -3,0 | 2,8 | 0,2 |

**Skýring** *Note*: Miðað er við árstíðaleiðréttar tölur. *Calculated from seasonally adjusted series.*

[1] Bráðabirgðatölur. *Preliminary figures.*

**Tafla 6. Ársbreyting landsframleiðslu eftir ársfjórðungum 2010–2014, árstíðaleiðrétt**
*Table 6. Seasonally adjusted annual GDP volume growth 2010–2014*

| | Einkaneysla *Household final consumption* | Samneysla *Government final consumption* | Fjármuna-myndun *Gross fixed capital formation* | Þjóðar-útgjöld *National expenditure* | Út-flutningur *Exports* | Inn-flutningur *Imports* | Verg lands-framleiðsla *GDP* |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **Raunbreyting frá sama tímabili árið áður, %** ***Volume change on the same quarter of the previous year, %*** | | | | | | | |
| **2010** | **-0,2** | **-3,0** | **-8,6** | **-2,3** | **1,5** | **4,3** | **-3,1** |
| 1. ársfj. *1st quarter* | 0,7 | -3,2 | 1,6 | 0,9 | -5,4 | 1,7 | -3,0 |
| 2. ársfj. *2nd quarter* | -2,2 | -3,6 | -8,5 | -4,7 | 6,1 | 8,1 | -4,0 |
| 3. ársfj. *3rd quarter* | -0,8 | -2,1 | -11,5 | -2,7 | -2,5 | 0,6 | -4,1 |
| 4. ársfj. *4th quarter* | 1,6 | -3,1 | -13,6 | -2,4 | 8,6 | 7,3 | -1,2 |
| **2011** | **2,6** | **1,2** | **11,6** | **3,9** | **3,4** | **6,9** | **2,4** |
| 1. ársfj. *1st quarter* | 1,2 | 0,9 | 3,9 | 0,9 | 3,0 | 4,0 | 0,7 |
| 2. ársfj. *2nd quarter* | 4,2 | 1,2 | 2,7 | 4,2 | -2,0 | 5,8 | 0,3 |
| 3. ársfj. *3rd quarter* | 2,9 | 1,3 | 10,0 | 4,2 | 7,3 | 6,9 | 4,6 |
| 4. ársfj. *4th quarter* | 2,1 | 1,4 | 28,3 | 6,4 | 5,3 | 10,5 | 4,0 |
| **2012** | **2,0** | **-1,7** | **5,6** | **1,6** | **3,7** | **4,7** | **1,3** |
| 1. ársfj. *1st quarter* | 3,1 | -2,1 | 31,0 | 6,1 | 4,7 | 10,6 | 3,1 |
| 2. ársfj. *2nd quarter* | 1,8 | -2,2 | 20,2 | 3,3 | 7,1 | 13,0 | 0,9 |
| 3. ársfj. *3rd quarter* | 1,2 | -1,8 | 0,8 | 0,3 | 6,6 | 3,7 | 2,3 |
| 4. ársfj. *4th quarter* | 1,7 | -0,5 | -19,6 | -2,8 | -3,2 | -7,0 | -0,9 |
| **2013**[1] | **0,5** | **0,7** | **-1,0** | **-0,2** | **6,9** | **0,3** | **3,6** |
| 1. ársfj.[1] *1st quarter*[1] | -0,0 | 1,2 | -14,4 | -3,2 | 6,3 | -5,2 | 3,2 |
| 2. ársfj.[1] *2nd quarter*[1] | -0,1 | 0,9 | -1,1 | 0,4 | 3,6 | -1,7 | 3,3 |
| 3. ársfj.[1] *3rd quarter*[1] | 1,5 | 0,6 | 6,2 | 0,9 | 5,0 | 1,8 | 2,8 |
| 4. ársfj.[1] *4th quarter*[1] | 0,7 | 0,3 | 7,5 | 1,2 | 12,7 | 6,6 | 5,0 |
| **2014**[1] | **3,7** | **1,8** | **13,7** | **5,3** | **3,1** | **9,9** | **1,9** |
| 1. ársfj.[1] *1st quarter*[1] | 3,0 | 1,3 | 17,8 | 3,9 | 5,7 | 11,0 | 1,7 |
| 2. ársfj.[1] *2nd quarter*[1] | 4,0 | 2,0 | -2,6 | 2,4 | 5,2 | 7,2 | 1,8 |
| 3. ársfj.[1] *3rd quarter*[1] | 3,1 | 1,8 | 26,7 | 7,6 | 4,3 | 15,1 | 2,1 |
| 4. ársfj.[1] *4th quarter*[1] | 4,7 | 2,1 | 14,1 | 7,2 | -2,4 | 6,6 | 1,9 |

[1] Bráðabirgðatölur. *Preliminary figures.*

Hagtíðindi
Statistical Series

**Þjóðhagsreikningar**
***National accounts***

100. árg. • 4. tbl.
2015:1

ISSN 0019-1078
ISSN 1670-4657 (prentútgáfa *print edition*) • ISSN 1670-4665 (rafræn útgáfa *PDF*)

Verð kr. *Price ISK* 900 • € 7

Umsjón *Supervision* Sigurlilja Albertsdóttir • Sigurlilja.Albertsdottir@hagstofa.is

Sími *Telephone* +(354) 528 1000
Bréfasími *Fax* +(354) 528 1099

© Hagstofa Íslands *Statistics Iceland* • Borgartúni 21a 150 Reykjavík Iceland

Öllum eru heimil afnot af ritinu. Vinsamlegast getið heimildar. *Please quote the source.*

www.hagstofa.is/hagtidindi *www.statice.is/series*